



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 18. mars 2026

MIR25120005

Drög að reglum fyrir styrktarsjóð fyrir börn í viðkvæmri stöðu.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs, dags. 12. desember sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Menningar- og íþróttaráð leggur til að stofnaður verði styrktarsjóður fyrir börn í viðkvæmri stöðu til að greiða fyrir þátttökugjöld og útbúnað í íþrotta- og tómstundastarfi.

Menningar – og íþróttasviði verði falið að móta reglur um umsóknarferli, úthlutun styrkja og utanumhald sjóðsins, í samvinnu við velferðarsvið.

Stefnt verði að því að styrktarsjóðurinn styðji við teymi frístundatengla sem munu þjónusta skólahverfi borgarinnar með það að markmiði að ná til barna í viðkvæmri stöðu; fátækra barna, fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna.

Í samræmi við framangreint hefur menningar- og íþróttasvið mótað reglur um styrktarsjóðinn, n.t.t. reglur styrktarsjóðsins og leiðbeiningar vegna úthlutana úr umræddum sjóði. Unnið var að mótun reglnanna í samráði við velferðarsvið.

Virðingarfyllst,
Steinþór Einarsson
Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:

Drög að reglum fyrir styrktarsjóð



Reykjavík

Styrktarsjóður fyrir börn í viðkvæmri stöðu til eflingar íþróttá- og tómstundabátttöku barna og ungmenna

1. gr.

Sjóðurinn styrkir börn í viðkvæmri stöðu og forsjáraðila þeirra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna sinna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs, dags. 12. desember 2025.

Rannsóknir sýna fram á að þátttaka barna í skipulögðu í íþróttá- og tómstundastarfi sé einn af verndandi þáttum gegn áhættuhegðun, hefur mikið forvarnargildi og er ein besta leiðin til samfélagslegrar inngildingar barna í nærsamfélaginu. Með því að samtvinna enn betur skólalag barna í viðkvæmri stöðu við skipulagt frístundastarf er betur hægt að vinna með farsæld barnsins eftir að skóladegi lýkur til að tryggja þátttöku og virkni lengur.

Verkefnið samræmist verkefnum Reykjavíkurborgar samkvæmt forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar vegna málefna barna og unglinga og forsjáraðilum þeirra, stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 og stefnumótun í málum ungs fólks 16 ára og eldri.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að aðstoða forsjáraðila við að:

- standa straum af auka kostnaði vegna barna þeirra sem hlýst t.d. af þátttöku þeirra í íþróttum, tómstundum, ýmsum viðburðum og/eða kaupum eða leigu á búnaði, eða
- greiða þátttökugjöld barna og ungmenna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi fyrir eina tómstund þegar búið er að nýta frístundastyrkinn.

3. gr.

Gert er ráð fyrir að þeir sem koma beint að lífi barna og ungmenna s.s. forsjáraðilar, frístundatenglar, þjálfarar, leiðbeinendur, kennarar og ráðgjafar, geti óskað eftir styrk.

4. gr.

Leita skal eftir skriflegu samþykki forsjáraðila t.d. með tölvupósti, áður en óskað er eftir styrk, nema ef forsjáraðilar óska sjálfir eftir styrk fyrir barn sitt.

5. gr.

Óska má eftir styrk á þremur tímabilum á hverju ári þ.e. í janúar til og með maí, júní til og með ágúst og september til og með desember, á meðan á verkefninu stendur eða þangað til að fjármunir til verkefnisins klárast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Þeir eru: Fulltrúi Suðurmíðstöðvar sem er jafnframt formaður, fulltrúi menningar- og íþróttasviðs og fulltrúi velferðarsviðs.



7. gr.

Umsókn skal send með tölvupóst á netfangið johannes.gudlaugsson@reykjavik.is.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á: 1. upplýsingar um umsækjanda (kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang) og tengsl upplýsinga við barnið sem umsókn varðar 2. upplýsingar um barnið sem óskað er eftir styrkveitingar vegna (kennitala, heimilisfang, frekari upplýsingar um stöðu barnsins). 3. lýsingu á styrktarbeiðni, þ.e. af hverju óskað er styrkveitingar og hvaða kostnaði styrkveitingu er ætlað að mæta. 4. Aðrar upplýsingar sem kunna að hafa þýðingu fyrir afgreiðslu umsóknar. 5. Viðeigandi gögn sem staðfesta þær upplýsingar sem umsókn byggir á hverju sinni.

Lágmarkskröfur

- Barn þarf að vera á aldrinum 6-18 ára (miðað er við fæðingarár).
- Barn þarf að vera með lögheimili í Reykjavík.
- Barn þarf að geta talist í viðkvæmri stöðu.
- Liggja þarf fyrir kostnaður (staðfestur og/eða áætlaður) vegna þátttökugjalda, útbúnaðar, annars sem getur talist styrkhæft í samræmi við markmið sjóðsins.
- Að búið sé að nýta frístundastyrk og aðra fjárhagsaðstoð sem forsjáraðilum stendur til boða.

8. gr.

Við mat á ósk um styrk skal stjórn sjóðsins líta til bakgrunns og stöðu barns eða ungmennis sem óskað er eftir styrk fyrir.

Við afgreiðslu umsókna skal fyrst og fremst litið til þess markmiðs að ná til barna í viðkvæmri stöðu; fátækra barna, fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna og barna sem fyrir aðra tilstilli geta talist í viðkvæmri stöðu og eru í þörf fyrir félagslega inngildinguna.

9. gr.

Sá sem sendir ósk um styrk skal staðfesta móttöku hans við útgreiðslu, með kvittun, og gera grein fyrir því í hvað styrkur var nýttur. Í undantekningartilvikum getur sá sem hefur fengið styrktarbeiðni samþykka gengið frá kaupum en óskað eftir því að reikningur verði sendur styrktarsjóðnum til greiðslu.

10. gr.

Formaður sjóðsins ber ábyrgð á að í lok hvers árs, liggi fyrir yfirlit um úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem kynnt verður fyrir öðrum stjórnarmönnum sjóðsins. Skýrslu skal skila til skrifstofustjóra stjórnarsýslu á menningar- og íþróttasviði.

Fylgiskjöl:

1. Leiðbeiningar um úthlutun úr styrktarsjóði fyrir börn í viðkvæmri stöðu til eflingar íþróttar- og tómstundaþátttöku barn og ungmenna.

Leiðbeiningar vegna úthlutana úr styrktarsjóði til eflingar íþróttá- og tómstundabátttöku barna og ungmenna

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við þegar styrk er úthlutað úr styrktarsjóðnum. Sjóðurinn styrkir börn í viðkvæmri stöðu og forsjáraðila sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna sinna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við og stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi. Sjá leiðbeiningar um styrktarsjóð (fylgiskjal 1).

Tilgangur

Í 2. gr. leiðbeininga kemur fram:

Sjóðnum er ætlað að aðstoða forsjáraðila við að:

- standa straum af auka kostnaði vegna barna þeirra sem hlýst t.d. af þátttöku þeirra í íþróttum, tómstundum, ýmsum viðburðum og/eða kaupum eða leigu á búnaði, eða*
- greiða þátttökugjöld barna og ungmenna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi fyrir eina tómstund þegar búið er að nýta frístundastyrkinn.*

Gert er ráð fyrir að forsjáraðilar leggi út fyrir kostnaði og fái endurgreitt gegn framvísun kvittana. Í vissum tilvikum þarf fundur stjórnar sjóðsins að meta hvort greitt er beint til viðkomandi félags barnsins eða forsjáraðila. Reikningur er þá sendur til þess aðila sem getið er um í ákvörðun stjórnar.

Þrep í vinnslu máls

1. Undirrituð beiðni berst frá forsjáraðilum eða öðrum umsækjanda f.h. barns en þá með samþykki forsjáraðila um styrk t.d. í gegnum tölvupóst.

Við mat á beiðni er eftirfarandi kannað:

- Er frístundastyrkur/frístundakort fullnýtt. Ef ekki þá þarf að beina forsjáraðilum þá leið.
- Á viðkomandi barn/fjölskylda mögulega rétt á aðstoð á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð. Við slíkt mat þarf að hafa samráð við viðkomandi deildarstjóra á hverfismiðstöð.
- Liggur skriflegt samþykki forsjáraðila fyrir beiðninni.
- Lýtur beiðni að þeim markmiðum sem sett eru fram með sjóðnum.
- Hver leggur út fyrir kostnaði, forsjáraðili, félag barnsins, annar aðili. Stjórn





sjóðsins þarf mögulega að meta hvort greitt er beint til forsjáraðila eða viðkomandi félags / annars útgefanda reiknings.

- Nýtur barn/ungmenni þegar stuðnings miðstöðvar.
2. Beiðni tekin fyrir á fundi stjórnar sjóðs. Upplýsingar fylltar inn í þar til gert yfirlitsskjal.
 3. Forsjáraðilum og, ef við á, viðkomandi félagi barns/annars umsækjanda gerð grein fyrir niðurstöðu.
 4. Sá aðili sem lagt hefur út fyrir kostnaði skilar inn staðfestingu t.d. kvittun. Reikningur berst til rekstrarstjóra sem gengur frá greiðslu.

